



Reglur Ísafjarðarbæjar um launalaust leyfi starfsmanna

1. gr

Umsögn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send viðkomandi forstöðumanni stofnunar með að minnsta kosti 3 mánaða fyrirvara. Umsókn skal senda skriflega.

2. gr.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Sama starfsmanni er ekki veitt endurtekið leyfi nema liðin séu minnst þrjú ár frá því að það var síðast veitt.

3. gr

Einungis er veitt launalaust leyfi, þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður, sem helst koma til álita eru framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduaðstæður eða aðrar ástæður sem til þessa má jafna.

Ef starfsmaður hyggst ráða sig í aðra vinnu til lengri tíma en þriggja mánaða skal að jafnaði ekki veita launalaust leyfi. Undantekningu má veita ef um störf innan Ísafjarðarbæjar er að ræða.

4. gr

Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.

5. gr

Forstöðumaður, í samráði við sviðsstjóra, tekur ákvörðun um veitingu launalauss leyfis til allt að 12 mánaða.

6. gr

Þyki sérstakar ástæður sem varða starfsmann, svo sem vegna starfs- eða fjölskyldumála og hagsmunir Ísafjarðarbæjar mæla með því að víkja frá framangreindum reglum og veita rýmra leyfi en til 12 mánaða, skal forstöðumaður stofnunar senda bæjarstjóra umsóknina ásamt ítarlegri greinargerð umsækjanda og tillögu forstöðumanns um afgreiðslu málsins. Bæjarstjóri tekur ákvörðun um veitingu leyfis á grundvelli þessa.

Launalaust leyfi til skemmri tíma

7. gr

Heimilt er að veita starfsmanni að hámarki fimm daga í launalaust leyfi yfir almanaksárið, vegna sérstakra aðstæðna. Almennt er launalaust leyfi ekki veitt til framlengingar á sumarleyfi.

Vegna starfsmanna í grunnskólum, leikskólum, dægradvöl og félagsmiðstöð Ísafjarðarbæjar er miðað við tímabilið 1. ágúst til 31. júlí ár hvert, í stað almanaksárs.

Beiðnin skal berast með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara, með samtali við næsta yfirmann, og í gegnum Vinnustund, og svo unnt sé að fjalla um hana tímanlega og samþykkja eða hafna áður en fyrirhugað leyfi hefst. Skilyrði fyrir leyfisveitingu er að forföll sé hægt að leysa á viðunandi hátt að mati forstöðumanns og/eða skipuleggja starf með þeim hætti að sem minnst rask verði á því.

Ákvarðanir og réttur

8. gr

Starfsmaður sem telur synjun um launalaust leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar eða telur á annan hátt á rétti sínum brotið getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarstjóra. Forstöðumönnum ber að halda yfirlit yfir leyfisbeiðnir.

9. gr

Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsaminn rétt starfsmanna, sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga. Rétt er þó að taka fram að starfsfólk ávinnur sér ekki réttindi, s.s. orlofs- eða veikindarétt, í launalausuleyfi.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 7. maí 2026

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
bæjarstjóri